



2. Kennari sem skilað hefur merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr.

Arnheiður Borg lauk kennaraprófi árið 1965 og hefur síðan starfað við Langholtsskóla, Breiðholtsskóla, Kópavogsskóla og Flataskóla. Sérkennaraprófi lauk hún árið 1989.

Arnheiður hefur verið almennur bekkjarkennari, bæði á yngsta og miðstigi; á síðari árum einkum sem sérkennari. Kennarastarfið er henni hugsjón og starfsferill hennar hefur verið sérlega farsæll; einkennst af metnaði og áhuga. Smitandi áhugi hennar á hverju því verki sem hún tekur að sér hrífur með sér nemendur og samstarfsfólk, skilar árangri sem oftar en ekki fer langt fram úr væntingum.

Arnheiður leggur áherslu á að kennarinn hafi hlutverk sem bæði fræðari og uppalandi; að búa börn undir lífið, kenna þeim heilbrigð samskipti og fræða þau um muninn á réttu og röngu; styrkja þannig sjálfsmynd þeirra og félagsþroska. Hún var brautryðjandi í lífsleiknikennslu og samdi með öðrum kennurum námsefni sem nefndist „Átak að bættum samskiptum“ löngu áður en lífsleikni var skilgreind sem sérstök námsgrein. Síðar samdi hún og gaf út bækur þar sem lífsleiknin og lífsgildin eru sett fram í búningi ævintýra og sagna.

Sem sérkennari hefur Arnheiður lagt sig sérstaklega eftir lestrarkennslu og samið kennsluforrit fyrir byrjendur í lestri sem sameinar kennslu í lestri og tölvunotkun. Einnig hefur hún samið léttlestrarefni, vinnubækur og verkefni til að efla mál- og hljóðvitund.

Arnheiður er eldhugi varðandi kennslu og jákvætt og uppbyggjandi skólastarf. Hún lætur engar nýjungar fram hjá sér fara. Þegar hún finnur ekki efni sem henni líkar skapar hún það sjálf og fær samstarfsmenn sína í lið með sér.

Arnheiður hefur með áherslu á jákvæða lífssýn og stuðningi við þá sem eiga í erfiðleikum með skólanámið stuðlað að farsæld nemenda sinna. Hún er einn þeirra kennara sem gera hvern skóla betri.